

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1983

3. mars 1983

117

Nr. 70

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum við Kögurgrunn.

1. gr.

Frá kl. 19.00, 4. mars 1983 til og með 31. mars 1983, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línnum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra C-loranpunkta:

- | | | |
|----|--------|-------|
| 1. | 46400, | 62600 |
| 2. | 46600, | 62600 |
| 3. | 46600, | 62500 |
| 4. | 46500, | 62500 |
| 5. | 46500, | 62550 |
| 6. | 46400, | 62550 |

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3 mars 1983.

F. h. r.
Jón Arnalds.

Jón B. Jónasson.